



DJ Hamingja Sögusviðið er party.

24stundir/Kristinn

Íslenska Hreyfipróunarsamsteypan frumsýnir verkið DJ Hamingja

Einmanaleikinn í öllum myndum

Íburðarmesta sýning Íslensku Hreyfipróunarsamsteypunnar fjallar um einmanaleikann í öllum sínum myndum. Engu að síður er söguviðið gleðskapur seint um kvöld.

Eftir Hildi Eddu Einarsdóttur
hilduredda@24stundir.is



Íslenska Hreyfipróunarsamsteypan frumsýnir dansverkið DJ Hamingja á sviðslistahátíðinni ArtFart næstkomandi fimmtudag. Um er að ræða íburðarmesta verk hópsins til þessa og er það meðal annars styrkt af Reykjavíkurborg og Ungu fólki í Evrópu. Eins og nafnið gefur til kynna er söguviðið partí. „Engu að síður fjallar það um einmanaleikann í öllum sínum myndum. Það skapast oft svo sérstök stemming í partíum, þar sem maður er staddur með öðru fólki en er samt alltaf eitt-

DJ HAMINGJA

- Meðlimir hópsins eru, auk Melkorku og Ásgerðar, Katrín Gunnarsdóttir, Vigdís Eva Guðmundsdóttir og Ragnheiður S. Bjarnason.
- Tónlistina samdi belgíski listamaðurinn Benjamin Dusselaere.
- Verður sýnt í gamla nemendaleikhúsinu við Sölvhóls götu 21. ágúst klukkan 18 og 22. ágúst klukkan 20 og 23. ágúst klukkan 17.

hvað svo einn með sjálfum sér. Þetta sést oft vel í bænnum á kvöldin og um helgar. Fólk er oft svo meðvitað um sjálf sig,“ segir Ásgerður Gunnarsdóttir, einn fimm meðlima hópsins.

„Við erum líka að varpa fram ákveðnum spurningum. Til dæmis varðandi sjálfstæðið. Flestir vilja vera sjálfstæðir en um leið í sam-

bandi með öðrum. Spurningin er hvernig hægt er að ná jafnvægi þar á milli,“ bætir Melkorka Sigríður Magnúsdóttir við.


Sjálfstætt leikhús

Íslenska Hreyfipróunarsamsteypan varð til sumarið 2005 og var þá einn af skapandi sumarhópum Hins hússins. Síðan þá hefur hópurinn unnið að margvíslegum verkefnum og hlaut nýlega inngöngu inn í Sjálfstæðu leikhúsin. „Við erum fimm stelpur og meðalaldur hópsins er 22 ár,“ segja Ásgerður og Melkorka. „Við erum allar útskrifaðar úr Listdansskóla Íslands og tver úr hópnum eru í dansnámi í Listaháskóla Íslands. Svo var ein að útskrifast úr danshöfundanami í Hollandi, en ég er líka búin að vera í slíku námi þar í landi undanfarin tvö ár. Í haust ætla ég þó að söðla um og flytja til Belgíu þar sem ég ætla aftur í dansnám,“ segir Melkorka. Ásgerður stundar hins vegar nám á námsbrautinni Fræði og framkvæmd við Leiklistardeild LHI.

Sýningin Vatnsberi opnuð í Ásmundarsafni á föstudag

Ein elsta listgrein mannsins

Sýningin Vatnsberi verður opnuð í Ásmundarsafni næstkomandi föstudag, þann 22. ágúst, klukkan 17. Um er að ræða sýningu á tæplega sjötíu vatnslitamyndum eftir ellefu íslenska listamenn, og verður verkunum stillt upp með sýningu á verkum Ásmundar Sveinsonar, Löggun línunnar, sem nú stendur yfir í safninu. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson. Í texta sem fylgir með sýningunni segir Aðalsteinn meðal annars: „Með reglulegu millibili hefur hópur sérsinna listamanna komið saman til sýninga á vatnslitamyndum. Samsetning þessa hóps



Vatnslitamynd
Eftir Önnu Hallin.



er aldrei sú sama frá ári til árs, enda er markmiðið mikilvægara en hópeflið, nefnilega að halda á

lofti merki vatnslitanna, sennilega elstu listgrein mannkyns að undanskildu steinhöggi.“

www.gardyrkjan.is

Muck Truck 4x4 hjólbörur



Tapsár

■ Karen Axelsdóttir er í brjálæðislega góðu formi.

» Meira í Morgunblaðinu

Landeyjahöfn

■ Fluttir verða rúmlega 500 þúsund rúmmetrar af grjóti og um 1.100 þúsund rúmmetrar af fyllingarefni. Þetta samsvarar því að fjallið Stóri-Dímon verði flutt í heilu lagi niður í Bakkafjöru.

» Meira í Morgunblaðinu



Kanntu að dansa?

■ Sigurvegari úr þættinum So You Think You Can Dance? í fyrra kennir Íslendingum að dansa.

» Meira í Morgunblaðinu

Eldri og yngri

■ Samsýning listmálara á vatnslitamálverkum.

» Meira í Morgunblaðinu

Það er meira í Mogganum

SUNNUDAGUR
Morgunblaðið
Allt sem þjóðina

HRINGDU
NÚNA Í SÍMA
569 1122
OG KYNNTU
ÞÉR KOSTINA

SPARU MEIRA EN HELMING MEÐ ÁSKRIFT • SPARU MEIRA EN HELMING MEÐ ÁSKRIFT